

Dreifibréf BSRB

Nr. 8 - 2. árg.

Okt. 2006

Breytt skattleysismörk um næstu áramót

Á að miða við vísitölu verðlags eða launa? - Samhengi skattleysismarka og persónuafsláttar.

Opinber umfjöllun um skattamál er oft og tíðum flóknari en efni standa til. Umræðan nær því ekki alltaf þeim tilgangi að vera upplýsandi heldur getur hún þvert á móti ruglað fólk í ríminu. Má í þessu sambandi m.a. nefna að stundum er talað um persónuafslátt og skattleysismörk í sömu andrúnni; rétt eins og um sama hlutinn sé að ræða það skiptir máli að þekkja muninn á þessu tvennu, sem og muninn á þeim viðmiðum sem stjórnvöld geta valið um til að tengja persónuafsláttinn og skattleysismörkin við í því skyni að tryggja að þau haldi verðgildi sínu. Um næstkomandi áramót áforma stjórnvöld einmitt að taka upp tengingu við vísitölu verðlags en þá vaknar sú spurning hvort ekki væri til að mynda eðlilegra að miða við vísitölu launa.

Skattleysismörk

Fyrst nokkur orð um skattleysismörkin og lítið dæmi til skýringar. Skattleysismörk nema þeirri upphæð sem hafa má í tekjur á mánuði án þess að til skattgreiðslna komi. Til einföldunar er hér ekki tekið tillit til frádráttar frá skatti vegna greiðslna í lífeyrissjóð.

Lykiltölur vegna skatta á launatekjur 2007

Skattleysismörk:	90.000 kr. á mánuði
Persónuafsláttur:	32.150 kr. á mánuði
Skatthlutfall staðgreiðslu:	35,72% (22,75% tekjuskattur og 12,97% meðalútsvar)

Tökum dæmi um einstakling sem er með 150.000 krónur á mánuði. Hann greiðir skatt af tekjum sem eru umfram skattleysismörkin (90.000 kr.) eða af 60.000 krónum. Skatthlutfall staðgreiðslu er 35,72% þannig að viðkomandi greiðir 21.432 krónur í skatta á mánuði.

Persónuafsláttur

Ef sama dæmi er skoðað út frá persónuafslætti en ekki skattleysismörkum, eins og gert var að framan, þá er fyrst reiknaður 35,72% skattur af 150.000 krónum sem gera 53.580 krónur. Síðan er persónuafslátturinn dreginn frá þeirri upphæð en hann er 32.150 krónur á mánuði. Eftir standa því 21.430 krónur í skatta eða sama upphæðin og í dæminu að framan (munar 2 kr. en við framkvæmd staðgreiðslu er rúnnað af fyrir persónuafsláttinn þannig að hann hækkar úr 32.148 kr. í 32.150).

Af framansögðu ætti að vera ljóst að persónuafsláttur og skattleysismörk eru tengd órjúfanlegum böndum þótt alls ekki sé um sama hlutinn að ræða. Persónuafslátturinn er margfeldi skattleysismarka og skattprósentu (90.000kr x 0,3572 = 32.148 kr.).

Á sama hátt má svo finna út skattleysismörkin með því að deila í persónuafsláttinn með skattprósentunni (32.148/0,3572 = 90.000 kr.).

Neysluerð eða launavísitala?

Stjórnvöld áforma nú að hækka persónuafsláttinn um næstu áramót í takt við verðlagshækkanir síðastliðið ár. Verðlag hefur hækkað um 4,2% frá sept. 2006 til sept. 2007. Ef persónuafslátturinn verður hækkaður um 4,2% þá fer hann í 33.500 krónur á mánuði. Skattleysismörkin munu, ef þetta gengur eftir, hækka um sömu prósentu að því gefnu að skattprósentan verði óbreytt (eða 33.500/0,3572) og verða samkvæmt því 93.785 krónur.

Launavísitalan hefur hins vegar hækkað um 8% frá ágúst 2006 til ágúst 2007. Til að halda sköttum af tekjum einstaklinga óbreyttum sem hlutfall af landsframleiðslu, að óbreyttum skattprósentum, þyrftu skattleysismörkin og persónuafslátturinn að hækka í samræmi við

launavísitöluna, um 8%, nánar til tekið í 97.205 krónur og 34.722 krónur. Þannig ættu skattleysismörkin að hækka um 3.420 krónur meira á mánuði en boðað hefur verið og persónuafslátturinn 1.222 krónum meira.

Fjárlagafrumvarp 2008

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2008 var lagt fram á Alþingi við upphaf þings eins og kveðið er á um í 42. gr. stjórnarskrárinnar. Í frumvarpinu eru teknir saman helstu tekju- og útgjaldaþættir ríkissjóðs síðustu ára ásamt stefnumörkun í ríkisfjármálum til næstu ára. Þá er gerð grein fyrir forsendum frumvarpsins en þar er um að ræða áætlanir og spár fjármálaráðuneytisins um þjóðhagsstærðir á næstu árum.

Tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrir árið 2007 þróuðust eins og oft áður með nokkuð öðrum hætti en reiknað var með í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007. Nú er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á árinu verði hátt í 72 ma.kr. hærrí en spáð var, eða 448,3 ma.kr. í stað 376,4 ma.kr. Þá er áætlað að heildarútgjöld verði um 382 ma.kr. en gert var ráð fyrir að þau yrðu um 367 ma.kr.

Hærrí tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári en gert hafði verið ráð fyrir má að miklu leyti rekja til meiri umsvifa í hagkerfinu en spár miðuðust við. Hærrí fjármagnstekjur, eignaverðshækkanir, fjölgun virkra á vinnumarkaði, meiri framkvæmdir og einkaneysla almennt eru meginskýringarnar. Aukin útgjöld skýrast aftur á móti að stærstum hluta af afskriftum skattkrafna, kostnaði vegna mismunar á út- og innlánsvöxtum vegna félagslegra leiguíbúða, auknum framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, auknum vaxtagjöldum og loks mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Í frumvarpinu fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs aukist nokkuð frá fyrra ári og verði um 461,2 ma. kr. Þá er áætlað að útgjöldin aukist um rúmlega 12,5% að nafnvirði og verði um 430,4 ma.kr. Spá um hærrí tekjur er grundvölluð á endurskoðuðum þjóðhagsforsendum þar sem gert er ráð fyrir meiri umsvifum í hagkerfinu en áður var reiknað með og þar að auki meiri launa- og verðlagsbreytingum. Vaxandi útgjöld skýrast hins vegar að mestu af stórauðnum fjárframlögum til samgöngumála. Þá er miðað við að almenn rekstrargjöld ríkissjóðs hækki um 1,7% að raungildi og tekjutilfærslur aukist um rúm 4% en vöxtur þeirra byggir m.a. á minnkandi tekjutengingar í almannatryggingakerfinu og auknum atvinnuleysisgreiðslum.

Stærðir (br.milli ára)	Frumvarp 2008				Frumvarp 2007			
	2007	2008	2009	2010	2007	2008	2009	2010
Einkaneysla:	2,10%	-0,90%	1,80%	1,10%	-1,80%	0,30%	1,90%	2,20%
Samneysla:	2,80%	2,00%	2,50%	2,70%	2,10%	2,40%	2,40%	2,40%
Fjárfesting:	-22,20%	-19,80%	4,60%	-4,50%	-21,60%	-22,40%	-1,20%	4,70%
Þjóðarútgjöld:	-5,20%	-4,80%	0,40%	0,30%	-6,40%	-4,40%	1,40%	2,70%
Útflutningur:	8,70%	9,20%	3,90%	2,80%	10,10%	11,60%	3,80%	3,00%
Innflutningur:	-9,80%	-7,00%	-0,50%	-1,50%	-9,40%	-6,10%	1,60%	2,20%
Landsframléiðsla:	0,70%	1,20%	2,10%	2,00%	1,00%	2,60%	2,40%	3,00%
Viðskiptajöfnuður:	-15,20%	-8,80%	-7,60%	-6,60%	-10,70%	-3,80%	-2,70%	-2,40%
Vísitala neysliverðs:	4,50%	3,30%	2,80%	1,80%	4,50%	2,50%	2,20%	2,10%
Atvinnuleysi:	1,10%	2,90%	3,60%	4,00%	2,10%	3,10%	3,10%	2,50%

Ef bornar eru saman forsendur og spár fjármálaráðuneytisins um þróun helstu hagtalna í fjárlagafrumvarpi 2007 annars vegar og 2008 hins vegar hefur orðið nokkur breyting á. Einkaneysla í ár hefur verið meiri en gert var ráð fyrir en spáð er að hún muni dragast saman á næsta ári. Spár milli ára um þróun samneyslu og fjárfestinga eru svipaðar að því

undanskildu að nú er gert ráð fyrir að fjárfesting muni aukast árið 2009 í stað 2010. Ein stærsta breyting á spám fjármálaráðuneytisins nú og fyrir ári síðan snýr hins vegar að viðskiptajöfnuðinum. Fjármálaráðuneytið telur nú að viðskiptahallinn muni dragast mun hægar saman en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2007.